

25. fundur skólaráðs Grunnskóla Fjallabyggðar

Fundurinn haldinn 17.október 2014 kl. 9.40 við Norðurgötu.

Mættir: Hrönn Hafþórsdóttir foreldrafulltrúi, Sigurður Ægisson fulltrúi foreldrafélags, Sigríður Salmansdóttir fyrir hönd starfsmanna, Arnheiður Jónsdóttir fulltrúi kennara, tveir fulltrúar nemenda, Guðrún Unnsteinsdóttir aðstoðarskólastjóri og Ríkey Sigurbjörnsdóttir skólastjóri stjórnaði fundi.

Dagskrá:

1. Nýir fulltrúar boðnir velkomnir

Farið yfir reglugerð um skólaráð.

Berglind foreldri úr Ólafsfirði hefur boðið sig fram í skólaráð og fagnar skólaráð því. Mun skólastjóri hafa samband við hana og bjóða henni sæti í ráðinu sem þriðji fulltrúi foreldra.

2. Fundadagskrá vetrarins

Farið yfir hugmynd að fundardögum í vetur, fundartíma og stað. Eftirtaldir dagsetningar voru samþykktar:

17. október

7. nóvember

5. desember

16. janúar

4. febrúar OPINN FUNDUR FYRIR FORELDRA

20. mars

8. maí

Stefnt á að hittast á föstudögum í skólahúsinu v. Norðurgötu kl. 9.40.

3. Skólabyrjun

Farið yfir skólabyrjun og þær breytingar sem hafa orðið á skólastarfi frá síðasta skólaári með tilkomu nýbyggingar við Norðurgötu og færslu unglíngadeildar í skólahúsið. Með þeirri framkvæmd var skólahúsið við Hlíðarveg lagt af.

Haukur Orri, fulltrúi nemenda, benti á að það vantaði afþreyingu fyrir nemendur unglíngastígs í frímínútum, t.d. spil og töfl. Ríkey skólastjóri og Haukur Orri munu ganga í þau mál ásamt húsverði. Nemendaráð ásamt Sigríði Ósk, sem heldur utan um störf nemendaráðs, munu síðan kynna áformin í bekkjunum.

Fram kom að nemendaráð og skólinn eru í flottu samstarfsverkefni sem snýst um að fulltrúar í nemendaráði, bæði aðal- og varamenn, skiptast á að fara út í löngufrímínútum og leika við yngri nemendur í starfsstöðinni við Norðurgötu. Í starfsstöðinni við Tjarnarstíg er Vinaliðaverkefnið í gangi í löngufrímínútum.

Góð þátttaka er í mataráskrift á báðum starfsstöðvum.

Hugmynd kom fram að halda sýningardag á nýja skólahúsinu fljótlega. Skólastjóra falið að skoða málið.

4. Ársskýrsla GF

Ársskýrsla GF fyrir skólaárið 2013-2014 lögð fram til kynningar.

5. Önnur mál

Lestraráttak er í skólanum. Útfærslur eru mismunandi. Í starfstöðinni við Norðurgötu taka nemendur og starfsmenn þátt í Lestrarkeppninni „Allir lesa“ en við Tjarnarstíg er lestrarátakið útfært á annan hátt.

Hrönn foreldrafulltrúi kom með hugmynd um að útfæra heimanámsaðstoð á bókasafninu með aðkomu eldri nemenda í sjálfbæðaliðastarfi. Þá væri e.t.v. hægt að leita samvinnu við nemendur í MTR. Hugmyndin verður útfærð nánar með það fyrir augum að hrinda henni í framkvæmd í tengslum við afmæli bókasafnsins 14.nóv n.k. Málið verður rætt frekar á næsta fundi skólaráðs.

Fulltrúar nemendaráðs óskuðu eftir því, fyrir hönd nemenda skólans, að litlu jól á unglingsstigi yrðu seinnipart dags 18.des í stað 19.des að morgni eins og gert er ráð fyrir á skóladagatali. Þetta hefur verið hefð í nokkur ár með góðum árangri. Ákveðið að ganga úr skugga um það meðal stjórnenda skólans og starfsmanna í eldri deild hvort þessi hugmynd getur náð fram að ganga. Þá var ákveðið að athuga hvort Neon, félagsmiðstöðin hefur áhuga á að koma að litlu jólum í ár eins og undanfarin ár með diskói um kvöldið. Nemendaráð fékk það verkefni að ræða um og útfæra framkvæmd á litlu jólum á næsta fundi sínum. Málið verður tekið upp á næsta fundi skólaráðs.

Fundi slitið kl. 10.30
Ríkey Sigurbjörnsdóttir skólastjóri.